

41. fundur stjórnar Skálholts,
haldinn í Skálholtsskóla föstudaginn 16. janúar 2009 kl.10:00.

Mætt voru: Sigurður Sigurðarson, Jóhann E. Björnsson, Kristján Björnsson, Kristinn Ólason og Hólmfríður Ingólfssdóttir.

Sigurður setti fund.

1. Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt.
2. Fjármál. Lagt fram yfirlit yfir stöðu fjármála í árslok 2008. Skuld staðarins við Kirkjumálasjóð í árslok er kr.1.780.237 v. launasamnings auk 5 millj. kr. aukagreiðsla, sem fékk í byrjun árs 2008 vegna erfiðrar lausafjárstöðu. Samþykkt að fara fram á niðurfellingu leigugjalda 2009. Rætt um viðhaldsverkefni 2009 og forgangsröðun þeirra.
3. Frístundabyggð. Formaður hefur sent erindi til sveitarstjóra og óskað eftir að breytingar á skipulagi Borgarhóla verði tekið fyrir og afgreitt í sveitarstjórn. Erindið verður tekið fyrir á næsta fundi byggðaráðs, sem verður haldinn seinnihluta janúar. Hólmfríður vék af fundi kl. 11:30
4. Starfslýsing organista. Vígslubiskup lagði fram drög að starfslýsingu og lýsti helstu áherslum í samstarfsverkefni Skálholtsstaðar og sókna Skálholtsprestakalls, en hann hefur m.a. haft samráð við söngmálastjóra um málið.
5. Kl. 13 komu fulltrúar allra sókna Skálholtsprestakalls ásamt sóknarpresti og gjaldkera sóknasamlagsins. Þeir eru: Sr. Egill Hallgrímsson, Arnór Karlsson gjaldkeri, Brynjar Sigurðsson (Torfastaðasókn), Matthildur Róbertsdóttir og Ellisif Bjarnadóttir (Skálholtssókn), Arnheiður Þórðardóttir (Haukadalssókn) og Margrét Baldursdóttir (Bræðratungusókn.). Áðurefnd starfslýsing var rædd og nánari útfærsla og forsendur í samstarfsverkefni þessara aðila. Vígslubiskupi falið að hafa samráð við söngmálastjóra og organistafélagið um orðalag auglýsingar og starfslýsingar. Kristjáni var falið að gera drög að samstarfssamningi þeirra aðila sem standa að ráðningu organistans. Ákveðið að miða við samning FÍO og launanefndar Þjóðkirkjunnar. Ákveðið að næsti fundur verði haldinn föstudaginn 28. janúar nk. kl. 11. Arnór vék af fundi kl. 13.35. Rætt var um að sóknirnar sameinist um 35% starfshlutfall til þjónustu við sóknarkirkjurnar og Skálholtsstaður standi að 65% hlutfalli starfsins. Skálholtsstaður annist um launagreiðslur fyrir hönd þessara aðila allra. Rætt var um hvað hægt væri að fela einum manni mikið eða fjölpætt starf miðað við fullt starf. Organista verði m.a. ætlað að hafa umsjón með tónlistarflutningi á Skálholtshátíð í samstarfi við Sumartónleikana og í samráði við vígslubiskup og hann sinni ýmsum verkefnum fyrir Skálholtsskóla. Einnig var rætt almennt um tónlistarflutning í barnastarfi og barnakórastarf og um kóra og kórastarf. Fulltrúar sóknarnefndanna setja á blað væntingar til organista í 35% hlutfalli. Sóknarnefndarfólk og sóknarprestur véku af fundi kl. 14.20.
6. Önnur mál. Vígslubiskup lagði fram bréf til stjórnar Skálholts frá framkvæmdastjóra Kirkjuráðs þar sem tilkynnt var um heimild til að ráðstafa og breyta íbúðarhúsi sem organisti hafði áður til umráða í Skálholti. Rætt var um málþing um fræðslumál og menntun guðfræðinga og presta sem haldið verður í Skálholti mánudaginn 23. febrúar nk. Rætt var um afgreiðslu málsins á síðasta

kirkjuráðsfundi. Sr. Þorvaldur Karl Helgason, formaður starfshóps um guðfræðimenntun mun hafa samband vegna undirbúnings málþingsins.

7. Gengið var frá áætlun um fundi stjórnarinnar út þetta ár og sem hér segir:

28. jan. (miðvikudagur)

11. mars (miðvikudagur)

15. apríl (miðvikudagur)

13. maí (miðvikudagur)

18. júní (fimmtudagur)

9. sept. (miðvikudagur)

6. okt. (þriðjudagur)

19. nóv. (fimmtudagur)

9. des. (miðvikudagur)

Fundi slitið kl. 14.55

Hólmfríður Ingólfssdóttir, Kristinn Ólason